



## Páskabingó umf.Skafta

verður í Félagsheimilinu Tunguseli  
laugardaginn 11. apríl og hefst kl 14:00

### Ath breyttan tíma.

Verð 400 kr spjaldið.  
Stjórnin.



## Hjúkrunar- og dvalarheimilið Klausturhólar á Kirkjubæjarklaustri

óskar eftir starfsfólki í sumarafleysingar.  
Um er að ræða umönnunarstörf og starf við ræstingar og þrif.  
Upplýsingar veitir hjúkrunarforstjóri í síma **487-4870**.  
Netfang: [klausturholar@centrum.is](mailto:klausturholar@centrum.is)

## Aðalfundur Búnaðarfélags

Skaftártungu verður haldinn í  
Tunguseli miðvikudagskvöldið  
15. apríl kl. 21:00.

Dagskrá:  
Venjuleg aðalfundarstörf  
Önnur mál  
Stjórnin.

## Björgunarsveitin Stjarnan

boðar til aðalfundar  
föstudagskvöldið 17. apríl  
kl. 20:30 í Tunguseli.

Dagskrá:  
Venjuleg aðalfundarstörf  
Önnur mál  
Stjórnin.

## Rosalega góð Fiskisúpa....

1 laukur  
2 hvítlauksrif  
2 paprikur  
1 msk smjör

Léttsteikja lauk, hvítlauk og papriku í  
smjöri.

2 msk hveiti  
8 dl vatn (nota smá hluta af því til að  
hrista saman við hveitið)  
2 fiskiteningar  
salt og pipar  
400 gr fiskur  
1 peli rjómi  
200 gr smurostur  
2 msk ferskt dill (nota bara þurrkað, ein-  
hvern slatta)  
jöklasalat

Hita megnið af vatninu í potti, teninga  
samanvið.  
Skutla smurosti (eða rjómaosti) út í  
vatnið þegar það er farið að krauma  
Léttsteikja efsta dótið í smjörinu og  
henda því út í  
Sáldra smá salti og pipar samanvið  
Gusa smá dilli í  
Hella rest af vatni með hveiti samanvið  
Rjómi í eftir smá stund  
Fiskurinn síðast, gefa honum kannski 5  
mínútur,smakka til herlegheitin og bera  
svo á borð.  
Það er kannski ekkert spennandi að  
sjóða kálið með, mjög gott að rífa það  
bara ferskt út á diskinn, hver og einn.

## Á döfinni.....

**Páskaeggjábíngó**  
UMF Kötlu laugardaginn 11. apríl  
**Aðalfundur Búnaðarfélags Skaftártungu**  
Tunguseli 15. apríl kl. 21:00.  
**Björgunarsveitin Stjarnan**  
boðar til aðalfundar 17. apríl  
kl. 20:30 í Tunguseli.

**Kreppu brandararHvernig skilgreinir þú  
hjartsýni í dag?**

Bankastarfsmaður sem straujar fimm skyrtur á  
sunnudegi.

Afhverju eru fasteignasalar hættir að horfa út  
um gluggann fyrir hádegi? Svo þeir hafi eitt-  
hvað að gera eftir hádegið.

Hver er munurinn á stjórnenda fjárfestingar-  
banka og dúfa? Dúfan getur enn sett mark sitt  
á Ferrari-bíl.

Fjármálakreppan hefur komið mér aftur á lap-  
pirnar. Það er búið að taka af mér bílinn.

Heyrt á bar á Wall Street: "Þessi fjármála-  
kreppa er verri en skilnaður. Ég hef tapað  
hellingi eigna minna en sit samt uppi með  
konuna.

Hvað er sameiginlegt íslenskum banka og  
íslenskum striplingi? Báðir eru með dýrmæt-  
ustu eigur sínar frosnar.

málsháttur vikunnar  
**VISKAN ER MENNTANNA MÓDIR**

**Ný netverslun - [www.fallegfot.com](http://www.fallegfot.com)**  
Mikið úrval að nýjum og ódýrum fötum,  
sendi um land allt.

**VITINN á [www.sudurland.net](http://www.sudurland.net)**

**Volare**  
Er með Volare vörurnar  
Uppl. s. 891 7810 Sæunn

## Hestamannafélagið Sindri auglýsir



### Kvennareið með karlana

Nú er komið að þessari árvissu ómissandi ferð, verður hún að þessu sinni farin laugardaginn **18. apríl** n.k.

Nánari upplýsingar og skráning til 15 apríl í síma:

Atli-8694818

Árni-8939438

Hjördís-8610294 netfang [sudur-foss@simnet.is](mailto:sudur-foss@simnet.is)


F.h. Hestamannafélagsins Sindra

Ferða og fræðslunefnd

## Deildarfundur

*Boðað er til aðalfundar í Vestur-Skaftafellssýslu á Ströndinni, Víkurskála, miðvikudaginn 15. apríl 2009 kl. 18:30.*

**Kaupfélag Árnesinga**



# Ströndin

BISTRO & BAR

## Opið um hátíðarnar í pizzur og fleira

Fimmtudag (skírdag) frá 18

Föstudagurinn langi frá 18

Laugardagur frá 18

**Sunnudagur, Páskadagur lokað fyrir mat**

## Strandarparty

**Aðfaranótt annars í páskum á miðnætti**

**Dansleikur með stórsveitinni DALTON**

**Það er ekki frítt inn**

EN

það er góður dýll á stórum+skot meðan birgðir endast

þeir sem mæta í strápilsum fá frían drykk ☺

**sjáumst á Ströndinni og skemmtum okkur framundir morgun**

**Gleðilega páska**

## FUNDARGERÐ SKAFTÁRHREPPS

Sveitarstjórn Skaftárhrepps fundar mánudaginn 16. mars 2009. Fundur hefst kl. 1400 í ráðhúsi Skaftárhrepps. Þetta er 301. fundur sveitarstjórnar, 3. fundur ársins 2009.

Fundargerð er tölvuskrað af Bjarna Daníelssyni, sveitarstjóra.

Oddviti býður fundarmenn velkomna. Oddviti óskar eftir að eftirtalin erindi verði tekin á dagskrá: Fundargerð 17. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu 11. mars 2009, sem mál III-8; Bréf frá Gústaf B. Pálssyni 03.03.2009, sem liður IV-12. Þetta samþykkt.

Oddviti og sveitarstjóri greina frá gangi mála frá síðasta fundi.

Síðan er gengið til dagskrár.

Einar Sveinbjörnsson, endurskoðandi, tekur þátt í fundinum undir dagskrárlíð 2, ársreikningur 2008. Einnig Elín Pálsdóttir, starfsmaður Skaftárhrepps.

Dagskrá

### I. Málafni til umfjöllunar/afgreiðslu.

1. Þriggja ára áætlun 2010-2012 – Síðari umræða.

Áætlunin byggir á niðurstöðutölum um verðlag ársins 2008 og áætluðum skatttekjum á árinu 2009. Reiknað er með 3% verðbótum á langtímakröfur og langtímaskuldir. Gert er ráð fyrir nær óbreyttum rekstri málaflokka á tímabilinu. Eignfærður er fyrir 2010 kostnaður að upphæð 10 mkr vegna flutnings leikskóla. Þriggja ára áætlun 2010-2012 samþykkt með fyrirvara um þá óvissu sem er um forsendur útreikninga vegna efnahagsástands.

2. Ársreikningur 2008 – Fyrri umræða. Einar og Elín hverfa af fundinum. Ársreikningi vísað til síðari umræðu.

3. Yfirdráttarheimild Skaftárhrepps hjá Kaupþingi banka hf.

Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir áframhaldandi yfirdráttarheimild hjá bankanum að upphæð 30 mkr til loka júnímánaðar nk.

4. Frá skipulags- og byggingarnefnd: Tillaga að endurskoðaðri gjaldskrá vegna byggingarleyfis- og gatnagerðargjalda og tengdra þjónustugjalda fyrir skipulags- og byggingarfulltrúaembætti Skaftárhrepps.

Tillögurnar fylgdu fundargerð 59. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 2. febrúar 2009 og var afgreiðslu frestað á síðasta sveitarstjórnarfundum. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögur skipulags- og byggingarnefndar.

5. Bréf frá Icelandairhotel Klaustur 8. mars 2009.

Með bréfinu er óskað eftir viðræðum við sveitarstjórn um kaup á einbýlishúsinu að Skerjavöllum 1 á Kirkjubæjarklaustri. Sveitarstjórn telur ekki mögulegt að selja íbúðarhús í eigu sveitarfélagsins að svo stöddu. Erindi Icelandairhotel undirstrikar hins vegar þann húsnæðisvanda sem er á Kirkjubæjarklaustri og nauðsyn þess að leitað verði leiða til byggingar íbúðarhúsnæðis.

6. Bréf frá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra Suðurlandi 15. febrúar 2009.

Farið er fram á stuðning vegna stofnunar Starfsendurhæfingar Suðurlands. Sveitarstjórn telur ekki mögulegt að styrkja þetta framtak með fjárframlögum að svo stöddu en vill leggja því lið með öðrum hætti eins og hægt er.

## II. Fundargerðir til samþykktar.

1. 60. fundur skipulags- og byggingarnefndar 2. mars 2009.  
Fundargerð samþykkt.

## III. Fundargerðir til kynningar.

1. 31. fundur barnaverndarnefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu 21. janúar 2009.

2. 281. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands 4. febrúar 2009.

3. 112. stjórnarfundur Skólaskrifstofu Suðurlands 9. febrúar 2009, ásamt upplýsingum um ART-teymi.

4. 16. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu 11. febrúar 2009.

5. 32. fundur barnaverndarnefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu 18. febrúar 2009.

6. 30. fundur Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu 25. febrúar 2009.

7. 761. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 27. febrúar 2009

8. 17. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu 11. mars 2009.

## IV. Annað kynningarefni.

1. Vefrit menntamálaráðuneytisins nr. 2 2009.

2. Bréf frá Landsskrifstofu Staðardagskrár 21. febrúar 2009: Landsráðstefna 20.-21. mars 2009.

3. Tölvuskeyti frá Háskólafélagi Suðurlands og Landgræðslunni 12. febrúar 2009: Ráðstefna um evrópskt rannsókn- og styrkjaumhverfi, Gunnarsholti 3. apríl 2009.

4. Bréf frá samgönguráðuneytinu 16.

febrúar 2009: Fjárhagsáætlanir og fjármálalegar upplýsingar.

5. Boð um þátttöku í ársfundi Íslenskra orkurannsóknna 27. mars 2009.

6. Minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga 25. febrúar 2009: Fundur um vegaskrá 25. febrúar 2009.

7. Tún – Vottunarstofa: Aðalfundarboð 20. mars 2009.

8. Samband íslenskra sveitarfélaga 6. mars 2009: Hagnýting niðurstaðna Forvarnardagsins 2009.

9. Greinargerð um fyrirhugaða Skálarvirkjun í Skaftá, S.J. mars 2009.

10. Ályktun 63. ársþings KSÍ 14. febrúar 2009: Stuðningur sveitarfélaga við íþróttastarf.

11. Vefrit menntamálaráðuneytisins nr. 4 2009.

12. Bréf frá Gústaf B. Pálssyni 03.03.2009: Kynning á hugmyndum um nýtingu húss og lóðar að Iðjuvöllum 3 á Kirkjubæjarklaustri.

## V. Samþykkt fundargerðar / Fundarslit

Fundargerð lesin upp, samþykkt og árituð. Fundi slitið kl 17:45.

Næsti fundur er ráðgerður mánudaginn 20. apríl 2009 og hefst fundurinn kl. 14:00.

Almennur borgarafundur verður haldinn í félagsheimilinu Kirkjuholi sunnudaginn 22. mars nk.

Jóna S. Sigurbjartsdóttir, oddviti Elín Heiða Valsdóttir, varaoddviti, Sverrir Gíslason, Jóhannes Gissurarson